

**Fundargerð stjórnar BÍS 20/2016, miðvikudaginn 9. nóvember 2016 kl. 17:30
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.**

Mættir:

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Bragi Björnsson skátahöfðingi

Gestir við meginviðfangsefni 1: Hulda Guðmundsdóttir, Liljar Már Þorbjörnsson.

Gestur við lið 4 um uppgjör: Jón Ingvar Bragason.

Dagskrá:

1) Setning

Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna.

2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

3) Yfirlit stjórnarmanna: Frestað til næsta fundar.

4) Fjármál. Farið var yfir uppgjör sl. 9 mánaða, sjá fylgiskjöl. Rekstur BÍS fyrstu 9 mánuði ársins er 7 milljónir í mínus. Ástæða þess er forsendubrestur í rekstri dótturfyrirtækja s.s. að umsýslugjald umbúða hvarf og húsaleiga Grænna skáta hækkaði, einnig skilaði styrktarpinninn minna en áætlað var. Treyst er á að afkomutölur dótturfyrirtækja Grænna skáta leiðrétti stöðuna í lok árs.

5) Meginviðfangsefni 1:

- a. **Alþjóðaráð.** Jón Þór Gunnarsson kynnti starfsemi alþjóðaráðs ásamt gestum, sjá fylgiskjöl „20161109 Kynning stjórnarfundu“, „C1616_Mid-termReviewReport_alla“ og „ESR RSP 2016-2019_96dpi_EN“.

6) Meginviðfangsefni 2:

- a. **Starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2017. Starfsáætlanagerð – undirbúningur.** Við áætlanagerð ársins 2017 verður miðað við að:
- Kjarnastarfsemi skátastarfs sinnt
 - Fókus á stefnumótun og farið eftir samþykktri áætlun til 2020
 - Haldið áfram með stefnumótunarverkefni sem náðist ekki að ljúka árið 2016
 - Farið raunsætt í að setja í gang ný verkefni vegna þess álags sem verður á næsta ári vegna Moot, bæði á hinn almenna skáta, sjálfbóðaliða og starfsfólk
 - SÁ sendir út tillögur að auka vinnufundi í lok nóv/byrjun des.

7) Mál til kynningar:

- a. **Tölulegar upplýsingar um stöðu skátafélaga.** Frestað vegna nýs félagatala.

8) Mál til afgreiðslu og bókunar:

- a. **Landsmót – tíðni móta** – Frestað fram yfir áætlanagerð. Tekið fyrir á nýju ári.
- b. **Grænir skátar: Vörumerkið Þjóðþrif – leggja niður?** Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

- c. **Grænir skátar: Kaupa fasteign?** Samþykkt var að bjóða í fasteign – tilboðinu var hafnað. Leit að varanlegu húsnæði heldur áfram.

9) Önnur mál

- a. **Bland í poka og Skátaping.** Skátamiðstöðin hefur áhyggjur af því að stutt sé á milli tveggja viðburða sem verða haldnir úti á landi og að það geti haft áhrif á þátttöku.
- b. **Framkvæmdaráð.** Hugsað til að létta á ákvarðanatöku fyrir stjórn, ekki til að taka að sér verkefni. Það á því að vísa verkefnum til framkvæmdastjóra, ekki til framkvæmdaráðs.
- c. **Royal Rangers** eru að auglýsa skátastarf en eru ekki starfandi samkvæmt grunngildum BÍS. Það eru fordæmi víðar í heiminum um að Royal Rangers séu starfandi. Aðventistar eru einnig með starfandi skátafélag. Málinu vísað til framkvæmdastjóra.
- d. **Skipulag á sharepoint.** Setja upp betri skipulag á möppum. Málinu vísað til skrifstofustjóra.
- e. **Fundur með SSR.** Fundur með stjórn SSR um stöðu skátafélaga í Reykjavík verður fimmtudaginn 24. nóvember kl. 17:30 í Hraunbæ 123.

Úr viðburðadagatali BÍS:

nóv '16	6.-11.	Network Meeting for External Representatives, í Budapest
	13	Fræðslukvöld - tryggjum og treystum
	14	Endurfundur skáta
	19	Gilwell - 4. skref
	26. - 27.	Aðventuhátíð Úlfliótsvatns
	nóv/des	Gilwell 3. skref - vettvangsnám
	Breytt dagsetning	Öræfalíf rekkaskáta
des '16	3. - 4.	Aðventuhátíð Úlfliótsvatns
	10. - 11.	Aðventuhátíð Úlfliótsvatns
	byrjun des	Rovernet-Venturennet. Sendum tvo á styrk til Rómar
	12	Endurfundur skáta
	22	Kaffihúsakvöld
	27. - 29.	Á norðurslóð
jan '17	janúar	Málping sveitarfóringja
	janúar	Ungir talsmenn skáta
	janúar	Gilwell - 5. skref

Fundi slitið kl. 20:05
Fundargerð ritaði SÁ.